

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar á haustvertíð 1984 og vetrarvertíð 1985.

1. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu frá og með 1. október 1984 þar til annað verður ákveðið heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer	Skipskr.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn
Albert GK. 31	1046	3600
Beitir NK. 123	0226	4900
Bergur VE. 44	0968	3500
Bjarni Ólafsson AK. 70	1504	4500
Börkur NK. 122	1293	4500
Dagfari ÞH. 70	1073	3500
Eldborg HF. 13	1525	5300
Erling KE. 45	1361	3300
Fífill GK. 54	1048	3700
Gígja RE. 340	1011	3900
Gísli Árni RE. 375	1002	3700
Grindvíkingur GK. 606	1512	4500
Guðmundur RE. 29	1272	4200
Guðmundur Ólafur ÓF. 91	1020	3600
Guðrún Þorkelsdóttir SU. 211	1076	3900
Gullberg VE. 292	1401	3600
Hákon ÞH. 250	1059	4000
Harpa RE. 342	1033	3700
Heimaey VE. 54	1035	3500
Helga II RE. 373	1018	3500
Hilmir SU. 171	1551	4800
Hilmir II SU. 177	1044	3600
Hrafn GK. 12	1006	3700
Huginn VE. 55	1411	3600
Húnaröst ÁR. 150	1070	3700
Höfrungur AK. 95	1413	4100
Ísleifur VE. 63	1610	3800
Jón Finnsson RE. 506	1283	3600
Jón Kjartansson SU. 111	0155	4500
Júpiter RE. 161	0130	4800
Jöfur KE. 17	0965	3400
Kap II. VE. 4	1062	3800
Keflvíkingur KE. 100	0967	3500
Ljósfari RE. 102	0973	3600
Magnús NK. 72	1031	3500
Pétur Jónsson RE. 14	1069	4000
Rauðsey AK. 14	1030	3600
Sighvatur Bjarnason VE. 81	1061	3800
Sigurður RE. 4	0183	5000

Nafn skips og umdæmisnúmer	Skipskr.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn
Sjávarborg GK. 60	1586	3900
Skarðsvík SH. 205	1416	3600
Súlan EA. 300	1060	3900
Svanur RE. 45	1029	3800
Sæberg SU. 9	0252	3600
Sæbjörg VE. 56	0989	3700
Víkingur AK. 100	0220	4900
Víkurborg GK. 1	0979	3500
Þórður Jónasson EA. 350	0264	3500
Þórshamar GK. 75	1501	3600
Örn KE. 13	1012	3600

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt þessari grein verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

2. gr.

Skipum þeim er tilgreind eru í 1. gr. eru bannaðar allar loðnuveiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands og Jan Mayen. Íslenskum loðnuskipum er heimilt að veiða samtals 105 000 lestir af loðnu í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og mun ráðuneytið tilkynna hvenær veiðum líkur á því svæði.

3. gr.

Um jól og áramót eru allar loðnuveiðar bannaðar með eftirgreindum hætti: skipum er óheimilt að láta úr höfn til loðnuveiða eftir 17. desember 1984 og óheimilt er að hefja loðnuveiðar eftir áramót fyrr en á hádegi 4. janúar 1985.

4. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar m.a. til frystingar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

5. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

6. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuaflla fiskiskips.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

8. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Ríkismati sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

9. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. september 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

1. október 1984

Nr. 408

AUGLÝSING

um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr.

25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér segir:

Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgðaákvæðum, kr.	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgðaákvæðum, kr.
1. október 1983	272 092	816 277
21. febrúar 1984	293 042	879 130
1. júní 1984	298 904	896 713
1. september 1984	307 871	923 614

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.